

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

26. maí 2021

Árið 2021, 26. maí kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestir fundarins:

- **Undir lið 1-2:** Eiríkur Benónýsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Björn Þór Hermannsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (sat allan fundinn með leyfi fundarstjóra).
- **Undir lið 2:** Benedikt Arnason skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri.
- **Undir lið 5:** Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir frá:

- a) Samráðsnefnd um opinber fjármál: 5 fundargerðir frá 18. febrúar – 12. mars 2021.
- b) Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu (Grábókarnefnd): fundargerð frá 10. febrúar 2021.

2. Hagstofan (2. liður í samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli LOF)

Lagt var fram minnisblað frá hagstofustjóra, dags. 26. maí 2021, um endurbætur í gagnaskilum opinberra aðila. Í minnisblaðinu leggur Hagstofan til að gerð verði kröfu- og viljayfirlýsing um fyrirkomulag og framkvæmd gagnaskila með því markmiði að hægt verði að byggja upp miðlægan gagnagrunn til úrvinnslu hagtalna um opinber fjármál. Kröfulýsingin mun innihalda ítarlegt yfirlit yfir allar upplýsingar sem Hagstofan þarf frá ríki og sveitarfélögum, í því skyni að framleiða opinberar hagtölur um fjármál hins opinbera.

Jafnframt leggur Hagstofan til að í framhaldi af gerð viljayfirlýsingar verði settir á fót vinnuhópar með þátttöku fulltrúa ríkis og Hagstofu annars vegar og sveitarfélaga og Hagstofu hins vegar, sem fái það hlutverk að styðja við innleiðingu bættra gagnaskila opinberra aðila á þjóðhagsgrunni þar sem tengingar á milli kerfa og sjálfvirkni verði höfð að leiðarljósi.

Fundarmenn voru sammála um að vinna þyrfti þetta verkefni fljótt og vel og var sammælt um að fulltrúar Hagstofu, ríkis og sveitarfélaga hittist á milli funda Jónsmessunefndar og mun Hermann Sæmundsson boða til fundarins. Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis verður Dóróthea Jóhannsdóttir og Sigurður Á. Snævarr frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. Minnisblað – Viðræðunefnd um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu

Lagt var fram til kynningar minnisblað viðræðunefndar um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé tímabært að breyta fyrirkomulagi talmeinaþjónustu við skólabörn á meðan andstaða lykilaðila er svo mikil eins og raun ber vitni.

Jónsmessunefnd samþykkt þessa niðurstöðu.

4. Verkefni og verkefnaábyrgð á grundvelli samkomulags – staðan í maí

Lagt var fram til kynningar uppfært yfirlit yfir stöðu á verkefnum í samkomulagi aðila á grundvelli LOF.

5. Bætt skattskil (22. liður í samkomulagi um markmið og afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli LOF)

Lagt var fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. maí 2021, um lið 22 í samkomulagi á grundvelli LOF: að stuðla að aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil, m.a. með hertu eftirliti með skattundanskotum og svartri atvinnustarfsemi, og betri nýtingu bótagreiðslna.

Ríkisskattstjóri greindi frá því að skattasniðganga geti numið í kringum 8% af fræðilegum skatti sem jafngildir tekjutapi upp á 85 milljarða á ári hjá ríki og sveitarfélögum. Taldi hann vandamálið m.a. liggja í refsingum við brotum og að illa gengi að innheimta sektir eða um 20%. Fram kom hjá honum að tekjutap sveitarfélaga í útsvari gæti numið um 15-20 ma.kr. á ári.

Að umræðu lokinni var sammælt um að setja á fót starfshóp með fulltrúum frá Skattinum, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu þar sem félagsmálaráðuneytið mun kalla hópinn saman.

6. Skipunarbréf – starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram til kynningar skipunarbréf starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk.

7. Skýrsla – greining á rekstri hjúkrunarheimila

Lögð var fram skýrsla um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila sem unnin var af heilbrigðisráðuneytinu.

Nefndarmenn voru sammála um að taka erindið fyrir á sér fundi í næstu viku þar sem fengnir verða sérfræðingar frá heilbrigðisráðuneytinu o.fl. til að gera grein fyrir skýrslunni.

8. Önnur mál

Verkefnastjóri vegna betri vinnutíma í vaktavinnu

Umræða um framlengingu á starfi verkefnastjóra fram til áramóta og þeim kostnaði sem fylgir í kjölfarið.

Ákveðið var að geyma þessa umræðu og taka hana fyrir síðar.

Skipulag næstu funda

Ákveðið að boða fund í næstu viku til þess að fara yfir skýrsluna um hjúkrunarheimilin.

Næsti skipulagði fundur nefndarinnar verður 9. júní kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 15:40.

-TDC-